

STEFNA SEÐLABANKA ÍSLANDS VARÐANDI VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

1. Almenn

Markmið Seðlabanka Íslands er að haga vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Seðlabankinn ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við lög og reglur og gerir viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að svo sé.

Persónuverndarstefna þessi byggir á ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og á ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (hér eftir *reglugerðin*).

Persónuverndarstefna þessi gildir um vinnslu Seðlabankans á persónuupplýsingum um aðra en starfsmenn bankans, en bankinn hefur jafnframt sett sér stefnu um vinnslu persónuupplýsinga um starfsmenn sína. Stefnan gildir jafnt um persónuupplýsingar sem einstaklingar hafa sjálfir veitt Seðlabanka Íslands og um persónuupplýsingar sem bankinn hefur aflað frá þriðja aðila. Persónuupplýsingar um einstaklinga geta ýmist verið vistaðar rafrænt í tölvukerfum eða á pappír. Þá gildir persónuverndarstefnan bæði um rafræna og handvirka vinnslu persónuupplýsinga. Persónuverndarstefna þessi tekur aðeins til einstaklinga en ekki lögaðila.

2. Persónuupplýsingar

Í lögum nr. 90/2018 er hugtakið *persónuupplýsingar* skilgreint sem sérhverjar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Þá segir í lögnum að einstaklingur teljist persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

Með *viðkvæmum persónuupplýsingum* er m.a. átt við upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnámálaskoðanir, trúarbrögð, heimspekilega sannfæringu, aðild að stéttarfélagi, heilsufar, kynlíf og kynhneigð, erfðaeiginleika eða líkamlega, lífeðlisfræðilega eða atferlisfræðilega eiginleika einstaklings.

3. Vinnsla persónuupplýsinga

Seðlabankinn leggur áherslu á að vanda til vinnslu persónuupplýsinga og að þær séu áreiðanlegar og réttar.

Seðlabankinn telst í öllum tilvikum vera *ábyrgðaraðili* samkvæmt lögum nr. 90/2018 þegar kemur að vinnslu persónuupplýsinga. Í því felst að Seðlabankinn ákveður, einn eða í samvinnu við aðra, í flestum tilfellum *vinnsluaðila*, tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla Seðlabankans á persónuupplýsingum fer ýmist fram með samþykki einstaklings, vegna samnings við einstakling, á grundvelli lagaskyldu, til að vernda hagsmuni einstaklings, vegna almannahagsmuna eða vegna annarra lögmætra hagsmuna.

Seðlabankinn tekur við gögnum og upplýsingum frá bæði einstaklingnum sjálfum og utanaðkomandi aðilum, t.d. stjórnvöldum, eftirlitsstofnunum, fjármálafyrirtækjum o.fl., vegna vinnslu sinnar á persónuupplýsingum, og berast upplýsingarnar ýmist með bréfpósti, tölvupósti, símleiðis, í gegnum tölvukerfi, vefgáttir bankans o.fl.

Seðlabankinn leggur sig fram um að gæta að meginreglum laga nr. 90/2018, þ.e. *lögmætisreglunni, tilgangsreglunni, meðalhöfsreglunni, áreiðanleikareglunni og varðveislureglunni*. Þá skal bankinn, sem ábyrgðaraðili, ávallt geta sýnt fram á að vinnsla persónuupplýsinga af hans hálfu uppfylli skilyrði laga nr. 90/2018.

Upplýsingar sem Seðlabankinn vinnur um einstaklinga flokkast jafnan sem almennar persónuupplýsingar.

4. Verkefni Seðlabankans sem fela í sér vinnslu persónuupplýsinga

Meðal verkefna Seðlabankans, sem geta falið í sér vinnslu persónuupplýsinga, eru (ekki tæmandi talning):

- a) *Gjaldeyriseftirlit*. Seðlabankinn fer með gjaldeyriseftirlit á grundvelli laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál og laga nr. 37/2016 um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum.
- b) *Hljóðritun símtala*. Vegna viðskiptasjónarmiða er nauðsynlegt að símtöl tiltekinna starfsmanna úr símkerfi Seðlabankans séu hljóðrituð. Seðlabankinn upplýsir viðskiptamenn bankans um að símtöl kunni að vera hljóðrituð nema þeim sé það ótvírætt ljóst samkvæmt samningi eða áður sendri tilkynningu.

Hljóðritanir eru ekki varðveittar lengur í kerfum Seðlabankans en nauðsyn krefur og eigi skemur en í 7 ár frá hljóðritun. Hljóðritanir skulu vistaðar og afhentar Þjóðskjalasafni í samræmi við lög um opinber skjalasöfn sbr. nánar 7. gr. persónuverndarstefnu þessarar. Þá er Seðlabankanum óheimilt að afhenda þriðja aðila hljóðritun nema að uppfylltum skilyrðum 35. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001.
- c) *Innsend erindi*. Seðlabankinn fær innsend erindi frá utanaðkomandi aðilum, þ.m.t. fyrirspurnir, upplýsingabeirðir, styrkbeirðir o.fl. Slík erindi berast ýmist frá einstaklingum eða lögaðilum, en þá koma einstaklingar fram fyrir þeirra hönd.
- d) *Meginverkefni Seðlabankans*. Á grundvelli laga nr. 36/2001 skal Seðlabankinn m.a. stuðla að stöðugu verðlagi, stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu um stöðugt verðlag, stuðla að fjármálastöðugleika og sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.
- e) *Myndbandseftirlit*. Öryggisverðir vakta Seðlabankann (bæði að innan og utan) allan sólarhringinn.
- f) *Póstlistar og áskriftir*. Einstaklingar geta skráð sig á póstlista á www.sedlabanki.is og www.lanamal.is og fengið sendar fréttir og markaðsupplýsingar frá Seðlabankanum. Eðli máls samkvæmt fer slík vinnsla persónuupplýsinga ekki fram að frumkvæði Seðlabankans heldur er það einstaklingurinn sem skráir sig.

Komi til þess að einstaklingur vilji afskrá sig af póstlistum Seðlabankans getur hann annað hvort haft samband við Seðlabankann með bréfpósti, tölvupósti eða símleiðis eða með því að nota aðgerð til að afturkalla áskrift í tölvupóstum sem berast frá bankanum. Ekki er víst að afskráning sé framkvæmd samstundis en Seðlabankinn reynir að verða við beiðnum um afskráningar eins fljótt og auðið er.

- g) *Ráðningarmál.* Í ferlinu frá auglýsingu um laust starf til umsóknar og þar til ráðningarsamningur við nýjan starfsmann er undirritaður fellur til talsvert magn persónuupplýsinga í umsóknum, ferilskrám, kynningarbréfum, meðmælum o.s.frv.
- h) *Samfélagsmiðlar.* Notkun samfélagsmiðla getur leitt til þess að einstaklingar láti Seðlabankanum í té persónuupplýsingar um sig. Seðlabankinn er virkur á Twitter (www.twitter.com/sedlabanki_is) og dreifir þar fréttum af starfsemi bankans. Komi til þess að einstaklingur fylgi (e. *follow*) Seðlabankanum á Twitter, dreifi færslum bankans (e. *retweet*), líki við þær (e. *like*) eða svari þeim (e. *reply*) verða persónuupplýsingar um viðkomandi aðgengilegar bæði bankanum og öðrum fylgjendum hans.
- i) *Samskipti við viðskiptamenn Seðlabankans.* Samkvæmt lögum nr. 36/2001 eru viðskiptamenn bankans m.a. viðskiptabankar, sparisjóðir, innlánsstofnanir o.fl. Í samskiptum þeirra við bankann koma einstaklingar fram fyrir þeirra hönd.
- j) *Vefspor.* Seðlabankinn notar vefspor (e. *cookies*) á vef bankans til að telja og greina heimsóknir á vefnum. Notendur geta þó stillt vafra sína þannig að þeir láti vita af vefsporum eða hafni þeim að öllu leyti. Seðlabankinn notar þessar upplýsingar við endurbætur og þróun á vef sínum. Seðlabankinn safnar ekki öðrum upplýsingum en að framan greinir og tengir þær ekki við aðrar persónugreinanlegar upplýsingar.

5. Miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila

Seðlabankinn afhendir ekki persónuupplýsingar til þriðja aðila, t.d. stjórnvalda, eftirlitsaðila, löggæslufirvalda, fjármálaforráðgjafa, vinnsluaðila í þjónustu bankans eða annarra nema í undantekningartilvikum þegar bankinn telur slíkt nauðsynlegt og eiga rétt á sér, m.a. í þeim tilgangi að svara beiðnum og fyrirspurnum, til verndar og tryggingar starfsemi Seðlabankans og til að sinna eftirliti á grundvelli laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands og laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál. Slík miðlun persónuupplýsinga á sér ávallt stað á grundvelli lagaheimilda.

Til að taka af allan vafa miðlar Seðlabankinn hvorki né selur persónuupplýsingar til þriðja aðila í markaðstengdum tilgangi.

6. Tæknilegar ráðstafanir og öryggi

Seðlabankinn leggur ríka áherslu á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga og gerir viðeigandi tæknilegar og rekstrartengdar ráðstafanir sem taka mið af eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar og áhættu fyrir réttindi og frelsi skráðra einstaklinga til að tryggja og sýna fram á að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli lagalegar kröfur.

Seðlabankinn tryggir að vinnsla bankans á persónuupplýsingum, þ.m.t. vistun og önnur varðveisla, sé í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018. Persónuupplýsingar eru ýmist geymdar í tölvukerfum bankans, á pappír í læstum skjalaskápum, á póstþjónum og gagnagrunnum, eða á spólum vegna töku afrita.

7. Réttindi einstaklinga

Í lögum nr. 90/2018 er kveðið á um réttindi einstaklinga, m.a. til fræðslu og upplýsinga um hvernig persónuupplýsingar um þá eru unnar. Eftirtalin réttindi einstaklinga kunna að vera háð takmörkunum sem leiða má af lögum, hagsmunum annarra sem upplýsingarnar varða eða mikilvægum hagsmunum Seðlabankans, t.d. viðskipta- eða öryggishagsmunum bankans.

Skráður einstaklingur verður að sanna á sér deili þegar hann óskar eftir að neyta réttinda sinna samkvæmt lögum nr. 90/2018.

7.1 Réttur til að fá aðgang að eigin persónuupplýsingum

Skráðir einstaklingar eiga rétt á staðfestingu Seðlabankans um vinnslu bankans á persónuupplýsingum um sig, hvort sem persónuupplýsingar stafa frá einstaklingnum sjálfum eða ekki. Skráður einstaklingur á jafnframt rétt á upplýsingum um tilgang vinnslu persónuupplýsinga, flokka persónuupplýsinga, viðtakendur þeirra (ef það á við), varðveislutíma, þau réttindi sem hann hefur samkvæmt lögum nr. 90/2018 og reglum Seðlabankans og heimild hans til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd.

7.2 Réttur til leiðréttingar og eyðingar gagna

Skráður einstaklingur á rétt á að fá óáreiðanlegar persónuupplýsingar um sig leiðréttar svo og rétt til að persónuupplýsingum um sig sé eytt án tilhlýðilegrar tafar (réttur til að gleymast) og rétt til að Seðlabankinn takmarki vinnslu samkvæmt nánari skilyrðum 16-19. gr. reglugerðarinnar.

Í tilviki Seðlabankans takmarkast réttur til að gleymast þó með tilliti til afhendingarskyldu bankans á skjölum og gögnum til Þjóðskjalasafns, sbr. nánar 8. gr. persónuverndarstefnu þessarar.

7.3 Andmælaréttur

Skráður einstaklingur getur andmælt vinnslu persónuupplýsinga um sig á grundvelli 21. gr. reglugerðarinnar. Seðlabankinn skal ekki vinna persónuupplýsingarnar frekar nema hann geti sýnt fram á mikilvægar lögmætar ástæður fyrir vinnslunni sem ganga frammar hagsmunum, réttindum og frelsi hins skráða, eða hún sé nauðsynleg til að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur. Eigi andmælin rétt á sér er Seðlabankanum óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga.

8. Geymslutími gagna og afhending til Þjóðskjalasafns

Seðlabankinn er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og ber því sem opinberri stofnun að afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Í því felst að Seðlabankinn afhendir Þjóðskjalasafni öll skjöl sem falla ekki undir grisjunarheimildir sem Þjóðskjalasafn veitir sérstaklega. Seðlabankinn afhendir skjöl til Þjóðskjalasafns þegar þau hafa náð 30 ára aldri.

9. Trúnaðar- og þagnarskylda

Seðlabankinn leggur áherslu á að tryggja örugga og ábyrga meðferð persónuupplýsinga. Þagnarskylda á grundvelli laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands hvílir á öllum starfsmönnum sem koma að vinnslu persónuupplýsinga og eru þeir upplýstir um skyldu

þeirra til að viðhalda trúnaði og öryggi svo tryggt sé að unnið sé með persónuupplýsingar á löglegan og ábyrgan hátt.

10. Persónuverndarfulltrúi

Seðlabankinn hefur skipað persónuverndarfulltrúa í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018. Persónuverndarfulltrúi er sjálfstæður og óháður í starfi sínu innan Seðlabankans og fellur starf hans beint undir seðlabankastjóra. Hlutverk persónuverndarfulltrúa Seðlabankans er m.a. að fylgjast með að farið sé eftir ákvæðum laga nr. 90/2018 í starfsemi bankans, veita ráðgjöf varðandi mat á áhrifum á persónuvernd og vera tengiliður bankans gagnvart Persónuvernd.

11. Samvinna við Persónuvernd

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 90/2018 og hefur sérhver skráður einstaklingur, eða fulltrúi hans, rétt til að leggja fram kvörtun hjá stofnuninni ef hann telur að vinnsla persónuupplýsinga í Seðlabankanum um hann brjóti í bága við lög. Seðlabankinn skal, að fenginni beiðni Persónuverndar, hafa samvinnu við stofnunina við framkvæmd verkefna hennar.

12. Breytingar á persónuverndarstefnu

Seðlabankinn áskilur sér allan rétt til að gera breytingar á persónuverndarstefnu þessari eftir því sem þörf krefur.

Breytingar á persónuverndarstefnu þessari skulu auglýstar sérstaklega á ytri vef bankans (www.sedlabanki.is).

13. Fyrirspurnir, athugasemdir og ábendingar

Fyrirspurnum, athugasemdum og ábendingum um persónuverndarstefnu þessa eða vinnslu Seðlabankans á persónuupplýsingum að öðru leyti skal beina til persónuverndarfulltrúa Seðlabankans með bréfpósti til bankans, tölvupósti á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is eða í síma 569-9600.

Reykjavík, 17. júlí 2018